# ✉️ Re: Lýsing til umsagnar, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

| | |
|---|---|
| Búið til | 11.1.2023 11:40:29 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 11.1.2023 11:40:26 |
| Tilheyrir | 📁202212-0020 - Lýsing til umsagnar, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 |

---

## Efni

| |
|---|
| Re: Lýsing til umsagnar, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 |

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 11.1.2023 11:40:26 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | berglindg@hafnarfjordur.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202212-0020 ( SS, IAS).

Vísað er í tölvupóst frá Hafnarfjarðarbæ, dags. 13. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025. Breytingin fjallar um lagningu Hamraneslínu 1 og 2 í jarðstreng í landi Hafnarfjarðar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Jákvætt er að þar sem strengurinn fer í gegnum Gráhelluhraun í landi Hafnarfjarðar eigi hann að fylgja reiðstígum/göngustígum sem fyrir eru. Passa þarf sérstaklega að ekki verði neinir hraunhellar eyðilagðir en samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar (https://serstokvernd.ni.is/ (https://serstokvernd.ni.is/)) liggur leiðin nálægt hellasvæði sem fellur undir sérstaka verndun.

Ljóst er að rask verður á nútímahrauni á leiðinni frá Hvaleyrarvatnsvegi að tengivirkinu í Hamranesi en það er á stuttum kafla og aðrir möguleikar ekki í boði.

Lítil hætta er á að framkvæmdin hafi áhrif á gróðurlendi með hátt verndargildi. Mögulegt er að sjaldgæfar plöntutegundir verði fyrir áhrifum. Ein tegund á válista æðplantna, blátoppa gæti mögulega fundist á svæðinu en hún er t.d. skráð á Ásfjalli. Þá gætu sjaldgæfar burknategundir fundist í hraungjótum bæði í Gráhelluhrauni og sunnan við Hamranes.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu en er tilbúin til frekari ráðgjafar ef þess er óskað.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.......................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8,  220 Garðabær.
Sími/Tel:  (354) 5 900 500.           www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Berglind Guðmundsdóttir" <berglindg@hafnarfjordur.is>
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** Lýsing til umsagnar, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025
**Date:** 13.12.2022 10:03:44

Á fundi bæjarstjórnar þann 7. desember sl. var samþykkt meðfylgjandi skipulagsslýsing fyrir Hamraneslínu 1 og 2.  Meðfylgjandi er lýsing til umsagnar og erindið einungis sent í tölvupósti.
Kv.

**Berglind Guðmundsdóttir**
Landslagsarkitekt FÍLA
Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2

585 5500
berglindg@hafnarfjordur.is
(mailto:berglindg@hafnarfjordur.is)
**hafnarfjordur.is**
(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fhafnarfjordur.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cacd18e0fa2814af6033f08dadcf14e6f%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638065226236939202%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=F6csf39mneeH5%2BgFchHj0Xo18sHGj2Pg0U07FVhs7bw%3D&reserved=0)